



Verkfræðingafélag Íslands

Teningurinn – viðurkenning Verkfræðingafélags Íslands Upplýsingar vegna tilnefningar

Teningurinn er árleg viðurkenning Verkfræðingafélags Íslands fyrir framúrskarandi verkefni eða framkvæmd. Markmiðið er að vekja athygli á vel útfærðum og áhugaverðum verkefnum sem verkfræðingar og tæknifræðingar vinna að.

Viðurkenningin er veitt fyrir verkefnið í heild og er það eigandi (bakhjarl) verkefnisins sem hlýtur viðurkenninguna. Verkefnið, sem hlýtur viðurkenningu, getur verið af ýmsum toga, til dæmis framkvæmdaverkefni, nýsköpunarverkefni, hugbúnaðarverkefni eða umbótaverkefni. Verkefni unnin erlendis af íslenskum fyrirtækjum koma einnig til greina.

Teningurinn er veittur á Degi verkfræðinnar ár hvert og eru það verkefni fyrra árs sem koma til greina. Á Degi verkfræðinnar 22. október 2022 verður því veitt viðurkenning fyrir framúrskarandi verkefni sem lokið var á árinu 2021.

Eigandi (bakhjarl) getur tilnefnt eigið verkefni einnig geta félagsmenn Verkfræðingafélags Íslands sent inn tillögur. Koma þarf fram hver eigandi/bakhjarl verkefnisins er auk helstu samstarfsaðila; hönnuðir, verkefnisstjórar og hver þáttur verkfræðinga og tæknifræðinga var í verkefninu.

Senda inn tillögu:

Dómnefnd hefur sex viðmið til hliðsjónar. Þeir sem vilja senda inn tilnefningar þurfa að gera grein fyrir neðangreindum atriðum. Hver dómnefndarmaður gefur einkunn fyrir hvert viðmið og það verkefni sem hlýtur hæstu meðaltals einkunn hreppir verðlaunin.

- 1) Hver er eigandi/bakhjarl verkefnisins?
- 2) Tilgreinið helstu samstarfsaðila; hönnuði, verkefnisstjóra og þátt verkfræðinga og tæknifræðinga í verkefninu.

Sex viðmið við val á handhafa Teningsins. Gerið grein fyrir í stuttu máli.

- 1) Stóðst verkefnið tímaáætlun?
- 2) Stóðst verkefnið kostnaðaráætlun?
- 3) Stóðst verkefnið kröfur til gæða?
- 4) Voru öryggis- og heilbrigðismál og vinnumhverfi til fyrirmyndar?
- 5) Hver er samfélagslegur ávinningur verkefnisins?
- 6) Hvert er nýsköpunargildi verkefnisins?

Tilnefningar sendist til Verkfræðingafélags Íslands á netfangið: sigrun@verktaekni.is

Tengiliður við dómnefnd er Sigrún S. Hafstein sem jafnframt veitir nánari upplýsingar. Fyrirspurnir má senda á ofangreint netfang.